

Hlutabréfavisitala GAMMA Capital Management hf. – Aðferðafræði

1. Almennt

1.1 Reikniaðili og frekari upplýsingar.

Hlutabréfavisitala GAMMA er reiknuð og birt af GAMMA Capital Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrirtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar.

2. Aðferðafræði

2.1 Uppbygging.

Hlutabréfavisitala GAMMA sýnir heildarávöxtun valinna hlutabréfa á Aðallista NASDAQ OMX Iceland, þar sem hlutabréfin eru hlutfallsvigtuð eftir flotleiðréttu markaðsvirði. Heildarávöxtun þýðir að arðgreiðslur eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölunni. Samsetning vísitölnnar er endurskoðuð ársfjórðungslega og ganga breytingarnar í gegn á fyrsta viðskiptadegi janúar, apríl, júlí og október ár hvert, byggt á markaðsupplýsingum fimm viðskiptadögum fyrr. Gjaldgeng fyrirtæki teljast þau sem:

- eru skráð á Aðallista NASDAQ OMX Iceland,
- gefa út hlutabréf sín í krónum og
- eru með a.m.k. 10% af heildarmarkaðsverðmæti sínu í frjálsu floti.

Val fyrirtækja í vísitöluna fer fram með eftirfarandi hætti:

- 1) Velta seinustu sex mánaða er reiknuð út fyrir hvert hlutabréf og er þeim raðað upp eftir veltu, þar sem veltumesta hlutabréfið er sett í efsta sætið og svo koll af kolli. Bréf sem hafa verið styttra en sex mánuði á markaði eru margfölduð með aðlögunarþætti til að gera þau samanburðarhæf.
- 2) Flotleiðrétt markaðsverðmæti hvers fyrirtækis er reiknað út samkvæmt nýjustu opinberu upplýsingum NASDAQ OMX.
- 3) Veltumesta fyrirtækið skv. lið 1 er valið inn í vísitöluna og svo koll af kolli þar til a.m.k. 90% af flotleiðréttu heildarmarkaðsverðmæti gjaldgengra hlutabréfa er komið inn í vísitöluna.

2.2 Undirliggjandi gögn og birting vísitalna.

Vísitölnnar eru reiknaðar út frá opinberu lokagengi hvers dags einsog það birtist á NASDAQ OMX Nordic Exchange. Það tryggir gagnsæi og áreiðanleika vísitalnanna. GAMMA birtir vísitöluna og hlutfallsvigtir hennar fyrir hvern dag í lok dagsins.

3. Flotleiðrétting

3.1 Aðferðafræði við flotleiðréttingu

Við flotleiðréttingu er eingöngu litið til eignarhluta 10 stærstu hluthafa hvers fyrirtækis. Leiðrétt er fyrir eftirtöldum eignarhlutum:

- 1) Hlutir í eigu innherja, þ.m.t. hlutir almennra starfsmanna, stjórnar og eigin hlutir fyrirtækisins.
- 2) Krosseignarhald annars fyrirtækis innan vísitölnunnar.
- 3) Hlutir í eigu ríkisins (hér er ekki átt við hluti í eigu sveitarfélaga).
- 4) Eignarhlutur umfram 30% af hlutafé fyrirtækis í eigu eins aðila.
- 5) Eignarhlutur umfram 40% af hlutafé fyrirtækis í eigu tveggja aðila, þar sem báðir eiga stærri en 10% hlut.
- 6) Eignarhlutur umfram 50% af hlutafé fyrirtækis í eigu þriggja aðila, þar sem hver og einn á stærri en 10% hlut.

4. Reikniformúlur

4.1 Vigt hlutabréfa.

Vigt hvers hlutabréfs i á tíma t , $V_i[t]$, er endurstíllt daglega miðað við lokagengi hlutabréfa vísitölnunnar síðasta viðskiptadags á undan, $t-1$.

$$V_i[t] = \frac{MV_i[t-1]}{\sum_j MV_j[t-1]}$$

Þar sem $MV_i[t]$ er flotleiðrétt markaðsverðmæti á hlutabréfi i á tíma t , þ.e.

$$MV_i[t] = p_i[t] * q_i[t] * \text{flotþáttur}_i[t]$$

Þar sem $p_i[t]$ er markaðsverð hlutabréfs i á tíma t , $q_i[t]$ er fjöldi útistandandi hluta á tíma t og flotþátturinn er á milli 10% og 100%. Fjöldi útistandandi hluta þeirra fyrirtækja sem valin eru inn í vísitölnuna er haldið föstum á milli endurskoðana.

4.2 Útreikningur vísitölnunnar.

Vísitalan er reiknuð út sem hlutfallsvigtuð verðbreyting hvers bréfs.

$$\text{Vísitölugildi}[t] = \sum_i \frac{V_i \times (p_i[t] + \Delta[t] * \text{arðgreiðsla}_i[t])}{p_i[t-1]} * \text{Vísitölugildi}[t-1]$$

Til að taka tillit til arðgreiðslna er notast við dummy-breytu $\Delta[t]$ sem er 1 ef arðgreiðsla er á tíma t en er annars 0.

Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf eða hlutdeildarskírteini. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa eða hlutdeildarskírteina. Hvorki GAMMA Capital Management hf. né starfsmenn félagsins bera ábyrgð á villum sem kunna að vera í umfjölluninni. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum/hlutdeildarskírteinum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar í sjóðum má finna á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í sjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahgsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.**